

GJALDSKRÁ

fyrir söfnunarstöð sorps á Höfn, Sveitarfélaginu Hornafirði.

1. gr.

Gjaldskráin skal vera með eftirfarandi hætti, án virðisaukaskatts.

Óendurvinnanlegur og almennur úrgangur 30 kr./kg.

Blandaður og óflokkaður úrgangur 30 kr./kg en við bætist kostnaður vegna flokkunar, tímagjald 6.270 kr., lágmarksgjald er 2.750 kr.

Skolp og seyra 11 kr./kg.

Lífrænn úrgangur í urðun 30 kr./kg.

Lífrænn úrgangur í moltu 19 kr./kg.

Fyrir spilliefni, mengaðan úrgang o.þ.h. sem úrvinnslugjald er ekki lagt á, skal greiða samkvæmt eyðingarkostnaði hverju sinni.

Íbúar greiða eftir rúmmáli, eitt klipp af klippikorti sem húseigendur fá afhent samsvarar 0,25 m³. Aukaklippikort fyrir 4 m³ kostar 9.120 kr. en miðað er við að 0,25 m³ geti verið allt að 25 kg.

Rekstraraðilar greiða fyrir losun samkvæmt ofangreindu kílóagjaldi fyrir losun á úrgangi í eftirfarandi flokkum.

Flokkur	Gjaldskylt frá heimilum	Gjaldskylt frá rekstraraðilum
Almennur heimilisúrgangur og skyldur úrgangur	já	já
Almennur rekstrarúrgangur	á ekki við	já
Blandaður úrgangur	já	já
Grófur óflokkaður úrgangur sem þarfnast flokkunar	já	já
Óflokkaður úrgangur	já	já
Grófur úrgangur frá framkvæmdum	já	já
Bólstruð húsgögn, dýnur o.þ.h. óendurnýtanlegt	já	já
Bílrúður	já	já
Steinefni frá framkvæmdum	já	já
Vörubretti, kassar og sambærilegt	já	já
Tímbur	nei	nei
Tímbur, málað	já	já
Húsgögn ekki ljósmáluð og plasthúðuð	nei	já
Garðaúrgangur	nei	nei
Gras, trjágreinir	nei	nei
Hey frá dýrahaldi	nei	nei
Jarðvegur	nei	nei
Blanda af pappír og umbúðum úr sléttum bylgjupappa	nei	nei
Plastumbúðir og annað plast	nei	nei
Gifspötur frá framkvæmdum	já	já
Flísar og postulín	já	já
Gler	nei	já
Hjólbarðar	nei	nei
Kapalkerfi	nei	já
Sóttmengað	já	já
Málmar	nei	nei
Spilliefni sem bera úrvinnslugjald	nei	nei
Raftæki af öllum gerðum s.s. þvottavélar, þurrkarar, eldavélar, örbylgjuofnar, tölvur, sjónvörp o.þ.h.	nei	nei
Heyrúlluplast (rúlluplast)	nei	nei
Rafhlöður, rafgeymar	nei	nei

2. gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá viðkomandi án undangengins dóms, sbr. 4. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 11. gr. samþykktar nr. 236/2018 um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarráði þann 10. desember 2019 og staðfest af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar þann 12. desember 2019 samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998.

Gjaldskráin tekur gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 485/2018.

Sveitarfélaginu Hornafirði, 16. desember 2019.

Matthildur Ásmundardóttir bæjarstjóri.